

Alþingi
Erindi nr. P 143/93
komudagur 30.10.2013

Umsögn Samtaka leigjenda á Íslandi um þingályktunartillögu um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi þingskjal 5 – 5. mál:

Formáli:

Samtökin fagna framkomnum tillögum sem fyrsta skref í átt til lausnar á bráðavanda. Almennt teljum við tillögurnar jákvæðar, stór hluti tillagnanna á við lausn á langtímovanda en lítið fer fyrir tillögum til lausnar bráðavanda. Svo virðist sem flutningsmenn tillögunnar séu ekki alveg nægilega upplýstir um þann bráðavanda sem ríkir á húsnæðismarkaði. Þrjár fjölskyldur hafa misst húsnæði sitt dag hvern frá hruni, margar fjölskyldur hafa í kjölfarið lent á vanskilaskrá og eiga því ekki möguleika á leiguþúsnæði, búa inni á vinum og ættingjum, sem og námsmenn og þær fjölskyldur sem ekki hafa ráð á leigu lengur. Samkvæmt þeim tölum sem fyrir liggja má áætla að bráðavandinn nái yfir 5000 fjölskyldur (biðlistar sveitafélaga) fyrir utan þá sem ekki hafa rétt á félagslegu húsnæði. Skráning Hagstofu Íslands á búsetu er óáreiðanleg þar sem margir búa ekki á skráðu lögheimili. Heilsufarsleg vandamál fylgja þessum bráðavanda, sem dæmi má nefna grein Þóru Kemp á dv.is.¹

Tillögur að lausn við bráðavanda:

Bygging allt að 5000 bráðabirgðaíbúða á meðan verið er að byggja varanlegar íbúðir til að koma til móts við varanlegan skort sem myndast hefur á húsnæðismarkaði.²

Ríki og sveitarfélög komi að lausn þess vanda sem myndast hefur vegna krafna leigusala um háar tryggingar í formi fyrirframgreiðslna og eins að vanda þeirra sem lent hafa á vanskilaskrá og geta þar af leiðandi ekki leigt sér íbúð.

Umsögn um einstaka liði:

Um 1. lið

¹ Sjá grein Þóru Kemp félagsráðgjafa: <http://www.dv.is/frettir/2013/9/16/madur-verdur-svo-taettur-OTZXYC/>

² Bráðabyrgðaríbúðir geta t.d. verið færarlegir gámar eða flóttamannabúðir skv. stöðlum SP.

Sammála, að því gefnu að tölur verði núvirtar m.v. dæmigerða framfærslu á þeim tíma sem frumvarpið verður samþykkt og uppfærðar reglulega.

Um 2. lið

Skilgreiningin nái einungis til félaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, t.d. almenn leigufélög, leigufélög í eigu stéttarfélaga (hugsanleg aðkoma lífeyrissjóða viðkomandi stéttarfélaga í grunnfjármögnun) og leigufélaga í eigu sveitarfélaga.

Um 3. lið

Sammála. Sama ætti að gilda um sveitarfélög.

Um 4. lið

Spurning hvort þetta sé mögulegt. Þetta ber að skoða sérstaklega þar sem þetta snertir t.d. samkeppnislög og hugsanlega breytingar á starfsemi íbúðaláanasjóðs. Til þess að þetta sé framkvæmanlegt þyrfti líklega að breyta íbúðaláanasjóði í heildsölubanka að sænskri eða danskri fyrirmynnd. Leigurekstur verði sér eining ótengd grunnrekstri íbúðaláanasjóðs.

Um 5. lið

Sammála

Um 6. lið

Sammála. Leigusala verði gert mögulegt að færa kostnað á móti leigutekjum á viðhaldi og viðgerðum á íbúðinni. Það yrði hvati fyrir leigusala að halda íbúðinni í góðu standi

Eftirmáli:

Samtök leigjenda á Íslandi eru tilbúin til samstarfs um þá vinnu sem framundan er á bráðavanda leigjenda og framtíðarskipan húsnæðismála á Íslandi.